

7. september 2020

Tónlistarskólar

Spurt og svarað um skólastarf á hættustigi vegna COVID-19

Byggt á auglýsingu heilbrigðisráðherra um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, nr. [811/2020](#), og reglugerðar nr. [864/2020](#).

1. Hvaða sóttvarnarráðstafanir eru í gildi í tónlistarskólum?

Tónlistarskólar starfa með hefðbundnum hætti en þar eru eftirtaldar sóttvarnarráðstafanir í gildi:

Mælst er til þess að allir gæti vel að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum, með reglulegum handþvotti og sótthreinsun.

Nándarregla og fjöldatakmarkanir eiga ekki við um börn og ungmenni sem fædd eru eftir 2005. Starfsfólk skóla og skólapijónustu þarf því ekki að viðhafa fjarlægðarmörk milli sín og barna á leik- og grunnskólaaldri.

Eldri nemendur, starfsfólk og kennarar þurfa að tryggja að **minnst 1 metra fjarlægð** sín í milli. Sé ekki hægt að uppfylla þá nándarreglu er mælst til þess að fólk noti hlífðargrímu sem hylur munn og nef. **ATH:** Grímur koma ekki í staðinn fyrir nándarregluna, hana á ávallt að virða fyrst. Brýnt er að huga að rétttri notkun hlífðargríma, sjá nánar í [leiðbeiningum landlæknis](#).

Sýna ber fyllstu tillitssemi og varkárni gagnvart nemendum, kennurum og starfsfólki í áhættuhópum

Mælst er til þess að allir gæti vel að sínum einstaklingsbundnu sóttvörnum, með reglulegum handþvotti og sótthreinsun. Sótthreinsa skal sameiginlega snertifleti og fylgja viðmiðum [um þrif](#). Mikilvægt er að fylgja eftir þeim sóttvarnarleiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

2. Mega nemendur sækja einkatíma í tónlistarskólum, að teknu tilliti til hreinlætis og fjarlægðar?

7. september 2020

Já, nemendur á leik- og grunnskólaaldri geta sótt tíma án takmarkana. Nemendur eldri en 16 ára og kennarar þurfa að virða reglur um **minnst 1 metra fjarlægð** milli fólks. Ef forráðamenn eru með í tímum þarf að virða 1 metra reglu milli kennara og forráðamanna.

3. Mega nemendur sækja hóptíma í tónlistarskólum, að teknu tilliti til hreinlætis og fjarlægðar?

Já, nemendur á leik- og grunnskólaaldri geta sótt tíma án takmarkana. Kennarar og nemendur eldri en 16 ára þurfa að virða reglur um hámarksfjölda í hverju rými og **minnst 1 metra fjarlægð** sín í milli. Hvatt er til þess að æfingar fari fram í sem minnstum hópum og í rýmum þar sem hægt er að tryggja fjarlægð milli fólks með tilliti til sóttvarna.

4. Hvað gerist ef upp kemur smit í tónlistarskóla?

Viðbragðsáætlanir eiga að vera til staðar í öllum skólum. Leiðbeiningar þegar upp kemur smit eru að finna [hér](#).

5. Er takmarkað aðgengi að skólabyggingum, s.s. fyrir foreldra/gesti/utanaðkomandi?

Aðgengi að skólabyggingum er ekki takmarkað sé hægt að fylgja sóttvarnarráðstöfunum. Fjölda- og nálægðartakmarkanir gilda um fullorðna og þeir þurfa að halda **minnst 1 metra fjarlægð** sín í milli og fylgja gildandi reglum um hámarksfjölda í hverju rými.

Ákvarðanir um nánari útfærslu er á ábyrgð sveitarstjórna og skólastjóra. Mikilvægt er að fylgja eftir þeim leiðbeiningum sem eru í gildi hverju sinni.

6. Á að halda úti aukaprífum og sóttþreinsun þetta skólaár?

Vegna sóttvarnarráðstafana er mikilvægt að halda áfram að huga mjög vel að hreinlæti. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur gefið út [viðmið um þrif](#).

7. september 2020

7. Er í lagi að halda teymisfundi, starfsmanna- eða deildarfundi starfsfólks? Má starfsfólk af ólíkum deildum fara saman í pásur og kaffitíma?

Já, en gæta skal að lágmarksfjarlægð um minnst eins metra fjarlægð á milli starfsfólks og gildandi reglum um hámarksfjölda í hverju rými.

Í stærri skólum er mikilvægt að huga að samgangi kennara og starfsfólks og leitast við að takmarka blöndun starfsfólks, t.d. milli húsa og starfseininga eins og kostur er. Þetta á ekki síst við ef smit eru í algeng í nærsamfélagi skólans.

8. Mega tónlistarkennarar fara á milli skóla til að kenna?

Já, en mikilvægt er að þeir hugi að sóttvarnaráðstöfunum og fjarlægðartakmörkunum og nýti sem minnst sameiginleg rými í mismunandi skólum, s.s. kaffistofur og salernisaðstöðu. Starfsfólk sem sinnir viðkvæmum einstaklingum í návígi ætti að gæta sérstaklega að sér og leitast við að takmarka umgengni eins og kostur er. Sé ekki hægt að virða nándarreglu um minnst 1 metra fjarlægð milli fullorðinna skulu viðkomandi nota hlífðargrímu.

Nánari útfærsla þessa er í höndum fræðslufirvalda og skólastjórnenda.

9. Má halda tónleika á vettvangi tónlistarskólanna?

Um samkomur innan skólabygginga gildir að fullorðnir verða að virða gildandi fjöldatakmarkanir og halda minnst 1 metra fjarlægð sín í milli. Þá er brýnt að tryggja aðgengi að aðstöðu til handþvotta og sóttþreinsunar, gæta fyllsta hreinlætis og fylgja [leiðbeiningum um þrif](#).